

Nr. 17/1909:

Sveinn Björnsson
fyrir hönd H. W. Friis
gegn

P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r:

Hið stefnda hlutafélag P. J. Thorsteinsson & Co. í Hafnarfirði höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðar kaupstaðar á hendur Kristni Kristjánssyni seglasaumara í Hafnarfirði, er hafði umsjón með eignum áfrýjanda H. W. Friis þar í kaupstaðnum, þar á meðal húseigninni »Svendborg« og ýmsum sjávarútvegs áhöldum, sem stefndu létu kyrsytja 5. febr. þ. á. — til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu víxilkröfu á hendur áfrýjanda að upphæð 3301 kr. 28 a. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum, að kyrsetningargjörðin var staðfest og Kristinn Kristjánsson fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða hlutafélaginu 3301 kr. 28 a. með 6 % vöxtum frá gjalddaga víxilsins 25 okt. f. á. til borgunardags, $\frac{1}{8}$ % þóknun af sömu upphæð og 204 kr. 50 a. í allan kostnað. Þessum dómi hefir yfirréttarmálflutningsmaður Sveinn Björnsson fyrir hönd H. W. Friis skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. apríl þ. á. og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með eða án heimvísunar ónýttur og málinu vísað frá undirdómi, eða til vara, að málinu verði vísað heim, og enn til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 5. febrúar verði úr gildi feld, og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, svo og að stefndi verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem

málið fer. Stefndi krefst, að dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi leysti borgarabréf til verzlunar í Hafnarfirði árið 1905, og greiddi þar sveitarútsvar næstu ár á eftir, síðast 1908. En þegar kyrsetningargjörðin 5. febr. þ. á. fór fram, var hann talinn alfluttur af landi burt, og var því málinu stefnt til staðfestingar samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 um kyrsetning á útlandum manni eða fjármunum hans. En áfrýjandi lítur svo á, að laga-boð þetta sé ekki gildandi lög hér á landi, og hafi því verið rangt að beita því, og þó að það væri gildandi lög hér, sé eigi heimild til að beita því gegn sér, með því að hann sé íslenskur borgari. Samkvæmt þessu álitur hann, að málið sé eigi höfðað á réttu varnarþingi, og krefst að því verði vísað frá undirréttinum.

Það verður þó að telja vafalaust, að áminst opið bréf sé gildandi lög hér á landi, og að full heimild sé til að fara eftir því, þegar ástæður eru til þess að öðru leyti, og að svo hafi verið í þessu máli, má álíta nægilega sannað. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi verið búsettur hér á landi þegar kyrsetningin var gjörð eða eftir það, en í áfrýjunarstefnunni er heimili hans talið í Aalesund, og það skiftir því eigi máli, að hann hefir leyst borgarabréf í Hafnarfirði og rekið þar atvinnu undanfarin ár. Það er því eigi ástæða til að sinna kröfu áfrýjanda um frávisun málsins frá undirréttinum, og eigi virðist heldur vera ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, af þeirri ástæðu, er hann heldur fram, að forsendur dómsins séu ófullkomnar og óljósar.

Þá hefir áfryjandi fundið það að dómnum, að þar sé enginn fyrirvari hafður um það, að eigi verði leitað fullnægingar á kröfu stefnda í öðrum fjármunum áfryjanda en þeim, er kyrsettir voru, eins og gjört er ráð fyrir í hinu opna bréfi frá 1821, og krefst hann sýknunar í málinu fyrir þessa sök. En þó að þessi athugasemd áfryjanda væri rétt, gæti hún ekki réttlætt kröfu hans um sýknun í málinu, en að eins gefið tilefni til að leiðrétta dóminn í þessu atriði. Og að visu er áminstur fyrirvari ekki tekinn upp í niðurlag dómsins, en í ástæðum hans er það tekið fram, að kröfu stefnda verði ekki fullnægt í öðru en hinum kyrsettu fjármunum, og samkvæmt því verður að skilja dómsniðurlagið. Áfryjandi verður því eigi sýknaður af þessari ástæðu, og með því hann hefir ekki athugað neitt við kröfu stefnda, eða tilgreint aðrar ástæður en að framan eru taldar fyrir því, að dóminum verði breytt, verður yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu í aðalefni málsins eins og héraðsdómurinn.

Áfryjandi hefir sérstaklega mótmælt málskostnaðar-ákvæði dómsins, en það verður að telja rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, sem hæfilegt þykir að ákveða 150 kr. fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður að því er snertir staðfesting kyrsetningargjörðarinnar 5. febr. þ. á., og skulu stefndu, hlutafélagið P. J. Tborsteinson & Co., eiga rétt á að gjöra fjárnám í hinum kyr-

settu eignum til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis, 3301 kr. 28 a., með 6% vöxtum frá 25. október f. á. til borgunardags, þóknun $\frac{1}{3}$ % af sömu upphæð og málskostnaði fyrir báðum réttum 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 19/1909:

Sveinn Björnsson
fyrir hönd H. W. Friis
gegn
Jóhannesi J. Reykdal.

D ó m u r :

Stefndi Jóhannes J. Reykdal verksmiðjueigandi í Hafnarfirði höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðar-kaupstaðar á hendur Kristni Kristjánssyni seglsaumara í Hafnarfirði, er hafði umsjón með eignum áfrýjanda H. W. Friis þar í kaupstaðnum þar á meðal húseigninni Svendborg, er stefndi hafði látið kyrsetja með fógetagjörð 9. febrúar þ. á., til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á víxilkröfu á hendur áfrýjanda, að upphæð 850 kr. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum; að kyrsetningargjörðin var staðfest og Kristinn Kristjánsson fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða Jóhannesi J. Reykdal 850 kr. með 6% vöxtum frá gjaldlega vixilsins 28. desbr. f. á. til borgun-